

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Reykjavík, 22.8.2024
UST202402-090/F.T.
08.09.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávik

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. júlí. 2024, þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti hjá Málningu hf. þann 19. júní 2024. Þann 25. ágúst barst endanleg úrbótaáætlun rekstraraðila eftir samskipti við Umhverfisstofnun um úrbætur. Í bréfi stofnunarinnar og í úrbótaáætlun rekstraraðila var einnig fjallað um eldra opið frávik.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Rekstraraðila var bent á að skoða hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að uppfylla gr. 38 í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, jafnframt að reikna út hver raunveruleg rýrnun lífrænna leysa er í framleiðslunni. Í úrbótaáætlun dagsett 24. nóvember 2023 kemur fram að áætluð verklok hafi verið 1. apríl 2024. Þessari vinnu er enn ekki lokið. **Í úrbótaáætlun leggur rekstraraðili til að reikna út raunverulega rýrnun lífrænna leysa. Það verði gert með því að bera saman allt notað magn við framleiðslu og innkeypt magn á árstímabili. Mismunurinn þar á sé rýrnun, hvort heldur sem er vegna uppgufunar eða annarra þátta. Þessari rýrnun verði deilt með magni lífrænna leysa eða magni þeirra í keyptum blöndum sem notað er sem ílag við framleiðsluna innan þess tímaramma sem massajafnvægið er reiknað. Þannig verði hægt að bera það saman við viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun. Áætlað er að nákvæmt yfirlit um rýrnun liggi fyrir 1. mars 2025.**
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Leysiefni skal geyma við minna en 20°C hita. Á tímabilinu 9. nóvember 2023 til 20. júní 2024 fór hitinn 25 sinnum yfir 20°C. **Í úrbótaáætlun kemur fram að leysiefni séu geymd í lokuðum upprunalegum umbúðum. Þau séu geymd uppi í rekka á þurrum og vel loftræstum efnalager með efnaheldu gólfi og fjarri beinu sólarljósi. Þar sem leysiefni séu geymd á lager innandyrna sé eðlilegt að hitastig lagersins sé við herbergishita sem er skilgreindur 20-25°C**

og geti hitinn því mæst yfir 20°C þó reynt sé að halda lagernum eins köldum og hægt er. Rekstraraðili telur ekki þörf á því að þau leysiefni sem notuð eru í starfseminni séu geymd sérstaklega undir 20°C. Rekstraraðili muni þó óska eftir minniháttar breytingu á starfsleyfinu í formi viðauka þar sem þessum hitamörkum verði breytt. Áætluð tímasetning umsóknar er 31. desember 2024.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur